

Erindisbréf

Stjórn Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla

Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir undir Héraðsnefnd Snæfellinga.

Eftirfarandi stofnanir starfa á verksviði nefndarinnar: Norska húsið

Skipan nefndarinnar

Stjórn Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla er kosin á aðalfundi Héraðsnefndar Snæfellinga að afloknum sveitastjórnarkosningum. Í stjórn Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla skulu kosnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Kjörtímabilið er hið sama og Héraðsnefndar. Nefndin skiptir með sér verkum og skal á fyrsta fundi skipa formann og ritara. Formaður framkvæmdanefndar kallar nefndina saman til fyrsta fundar og stýrir kjöri.

Hlutverk

Hlutverk nefndarinnar er:

- að vinna samkvæmt stofnskrá um Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla og fara samkvæmt henni með stjórn Byggðasafnsins ásamt forstöðumanni
- að tryggja safninu viðunandi starfsumhverfi og starfsmönnum viðunandi starfsaðstöðu
- að tryggja að safnið starfi samkvæmt lögum
- að tryggja fjármögnun
- að tryggja stefnumótun
- að tryggja sjálfstæði safnsins
- að tryggja að safnstjóri sé faglega hæfur, uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð
- að stjórn safnsins fylgir siðareglum ICOM
- að semja og staðfesta stofnskrá

Starfshættir

Fyrsta fund skal halda í síðasta lagi mánuði eftir aðalfund Héraðsnefndar. Fundi skal annars halda hvenær sem formaður telur þess þörf, auk þess er skylt að boða til fundar ef einn eða fleiri nefndarmanna óska þess.

Nefndin skal halda gerðarbók. Kjörinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir samþykkja hana.

Nefndarformaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en sólarhring fyrir fund.

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Samkvæmt stofnsamningi Héraðsnefndar skal fjármálaleg umsjón vegna nefndarinnar vera hjá Stykkishólmsbæ. Rekstur skal vera samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun sem leggja skal árlega fyrir stjórn Byggðasafnsins og vera hluti af rekstri Héraðsnefndar.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmat forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til nefndarformanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund